

Á 2008, þriðjudaginn 26. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 1/2008.

Keiludeild KR

gegn

Keilusambandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Keiludeildar KR, kt. 570990-1019, Frostaskjóli 2, Reykjavík, dagsettri 23. janúar sl. og móttækinni á skrifstofu ÍSí 24. sama mánaðar.

Kærði er Keilusamband Íslands, kt. 460792-2159, Engjavegi 6, Reykjavík.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að leikur KR-A og KFK-keiluvina í bikarkeppni KLÍ, sem fram fór þann 16. janúar sl. verði leikinn að nýju og að úrslit leiksins verði dæmd ógild.

Kröfur kærða:

1. Að málinu verði vísað frá Dómstól ÍSí.
2. Að leikur KR-A og KFK-keiluvina í bikarkeppni KLÍ, sem fram fór þann 16. janúar sl. verði dæmdur gildur og að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.

Frávísunarkrafa kærða:

Áður en til þess kemur að kveða upp efnisdóm í málinu ber dóminum að fjalla um frávísunarkröfu kærða.

Kærði byggir frávísunarkröfu sína á þeim rökum að krafa kæranda hafi ekki borist dómstól ÍSÍ innan kærufrests og vísar kærði til ákvæða reglugerðar KLÍ um bikarkeppni liða og til laga ÍSÍ.

Hið kærða atvik átti sér stað þann 16. janúar sl. og var kæran móttækin á skrifstofu ÍSÍ þann 24. janúar sl.

Kærufrestur samkvæmt 11. gr. reglugerðar KLÍ um bikarkeppni liða er sjö dagar og í gr. 24.1. í lögum ÍSÍ segir: *“Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ásetningsbrot er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.”*

Með vísan til ofanritaðs er á það fallist með kærða að kæra Keiludeildar KR hafi ekki borist dómstól ÍSÍ innan kærufrests sem ákveðinn er ein vika samkv. gr. 24.1 í lögum ÍSÍ og ber því að vísa málinu frá dómstól ÍSÍ.

III.

Kærufrestur:

Samkvæmt gr. 24.3 í lögum ÍSÍ hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta máli, sem vísað hefur verið frá dómi aftur fyrir dómstól ÍSÍ. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

DÓMSORÐ

Kæru Keiludeildar KR á hendur Keilusambandi Íslands er vísað frá dómstól ÍSÍ.

Sigurður I. Halldórsson